

Halldór Halldórsson (kt. 200764-4059), bæjarstjóri f.h. Bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, sem leigusali, og Þórður Júlíusson, (kt. 040818-4729), sem leigutaki gera með sér svo felldan

GRUNNLEIGUSAMNING

1. grein

Leigusali selur leigutaka á leigu 501 fermetra lóð fyrir fjöleignahús að Sundstræti 34 (land nr. 138793), Ísafirði, skv. meðfylgjandi mæliblaði dags. 12. janúar 1999, og skal hún leigð með þeim kjörum sem fyrir er haft í eftirfarandi greinum:

2. grein

Lóðin skal látin á leigu til 99 ára og sé leigutaka heimilt að selja og veðsetja leigurétt sinn, einan sér með þeim réttindum, sem lóðinni fylgja eða ásamt húsum og mannvirkjum á lóðinni. Réttindi hvernar eignar í húsinu til lóðarinnar skal vera í samræmi við ákvæði fjöleignahúsalaga. Réttur veðhafa til veðsins skal haldast að öllu leyti óskertur, þótt leigutaki brjóti skuldbindingar þær, sem hann hefur undirgengist gagnvart lóðareigenda með leigusamningnum.

3. grein

Leigutaki greiðir alla skatta og gjöld til opinberra þarfa sem lögð eru, eða kunna að verða á hina leigðu lóð. Leigutaki greiðir kostnað við þinglestur á leigusamningi.

4. grein

Ársleiga af lóðinni skal vera 5,0% - fimm af hundraði - af fasteignamati lóðarinnar, eins og ákvæðið er á hverjum tíma. Leigan er háð þeim ákvörðunum bæjarstjórnar sem í gildi eru á hverjum tíma. Leiguna skal greiða á skrifstofu bæjarstjórnar á Ísafirði og eru gjalddagar 12. janúar, 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl og 1. maí ár hvert, fyrir árið sem fer í hönd, eða skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hverjum tíma. Sé leigan ekki greidd á gjalddaga reiknast dráttarvextir 1. hvers mánaðar þar á eftir, eða skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hverjum tíma. Dráttarvextir skulu reiknast eins og þeir eru á hverjum tíma. Fyrir lóðarleigunni og dráttarvöxtum er lögtaksréttur skv. lögum frá 16. desember 1885. Leigutaki og veðhafi eru skildir að hlíta því, er í lög verða sett ákvæði að leiga gangi á undan veðskuldum, sem á eigninni hvíla.

5. grein

Vilji bæjarstjórnin ekki að loknum leigutíma leyfa leigutaka með nýjum leigusamningi, að láta hús, sem þá eru á lóðinni, standa þar áfram skal bæjarstjórnin greiða leigutaka sannvirði mannvirkja eftir mati dómkvaddra manna, enda sé við matið tekið fullt tillit til raunverulegs ástands þeirra.

6. grein

Af samningi þessum skulu gerð þrjú samrit og heldur hvor aðili sínu eintaki og eitt til þinglýsingar.

Ísafirði, 03.05.1999.

Vottar að dagsetningu, fjárræði og undirskrift aðila:


f.h. Bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar,


TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
 Hafnarvegur 400 Ísafjörður
 Kt. 280745-3249 • Sími 456-3244




TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
 Hafnarvegur 400 Ísafjörður
 Kt. 280745-3249 • Sími 456-3244

sem leigutaki




Skjal nr.
Móttakið til þinglýsingar


11 MAI 1999

Frumrit stimplað
með kr. 17.220

INNFÆRT

12 MAI 1999





Ísafjarðarbær
Tæknideild
Mæliblað

Sundstræti 34 (landnr. 138793), 1125 fm
ÍSAFIRÐI

Mælikvarði: 1/500
Ísafirði, 12. jan. 1999
Reiknað: S.B.
Teiknað: S.B.
Yfirfarið: S.B.